

Ed.

135. Frumvarp til laga

[112. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nykhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur legið fyrir Alþingi fimm ár í röð án þess að fá endanlega afgreiðslu. M. a. hefur það verið þrívægis samþykkt í efri deild, en jafnoft dagað uppi í neðri deild. Það sýnist því kominn tími til, að úr því verði skorið, með þinglegum hætti, hver sé vilji Alþingis um framgang þess.

Jóhanna Sæmundsdóttir og eiginmaður hennar, Þorsteinn Einarsson, sem nú er látinn, áttu jörðina Holt í Dyrhólahreppi og bjuggu þar um fjölda ára. Á árinu 1936 keypti ríkissjóður jörðina. Ástæðan var sú, að ríkið ákvað að koma upp fyrirhleðslum og að öðru leyti að gera breytingar á vatnasvæði jarðarinnar. Átti að veita í einn farveg ánum Hafursá og Klifandi vegna brúargerðar. Var talið, að þessar aðgerðir af opinberri hálfu gætu orðið til þess, að jörðin yrði vart eða ekki byggileg. Jóhanna hélt eigi að síður ábúðarrétti sínum á jörðinni, og hefur hún nýttjað hana ásamt sínu fólki frá annarri jörð í nágrenninu.

Þegar sýnt þótti, að ágangur vatns og önnur spjöll voru minni en óttast hafði verið í fyrstu, sögðu til sín hin traustu bönd, sem bundu ekkjuna við hina gömlu eignarjörð. Þess vegna hefur hún sótt fast að eignast jörðina aftur og má þykja ofur eðlilegt. Miðað við þá stefnu, sem fylgt hefur verið á Alþingi um kaup og sölu á ríkisjörðum, ætti sízt alls í þessu tilviki að vera nein fyrirstaða því, að ekkjunnar gefist þess kostur að leysa til sín jörðina.

Hreppsnefnd Dyrhólahrepps hefur einróma mælt með því, að orðið verði við kaupbeiðni ekkjunnar, og eru bréf hennar til hreppsnefndarinnar og vottorð oddvitans prentuð hér sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Nykhól, 3. okt. 1970.

Til hreppsnefndar Dyrhólahrepps.

Ég undirrituð, ábúandi og fyrrverandi eigandi Holts í Dyrhólahreppi, bið hæstvirta hreppsnefnd Dyrhólahrepps að mæla með kaupbeiðni minni á jörðinni Holti hér í sveit við Alþingi, en kaupbeiðni mín hefur verið flutt á fjórum síðustu þingum, en ekki fengið fullnaðarafgreiðslu.

Jafnframt bið ég hæstvirta hreppsnefnd að skora á Alþingi að samþykkja kaupbeiðni mína, svo ég njóti sömu mannréttinda og aðrir landsetar ríkisins að geta fengið keypta ábýlisjörð mína af ríkinu.

Virðingarfyllst,

Jóhanna M. Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal II.

Á fundi hreppsnefndar Dyrhólahrepps 23. október 1970 var svofelld bókun gerð:
Fyrir var tekið:

Bréf Jóhönnu M. Sæmundsdóttur með beiðni um meðmæli hreppsnefndar með kaupbeiðni hennar á jörðinni Holt við Alþingi. Bréfið var dagsett 3. okt. 1970. Var einróma samþykkt að mæla með erindi Jóhönnu Sæmundsdóttur.

Hvoli, 24. okt. 1970.

Oddviti Dyrhólahrepps,
Guðm. Eyjólfsson.